

Nr. 133 / 09 Kópur, skemmtibátur**Vélarbilun og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 6475 óskráður
Smíðaður: Svíþjóð plast
Stærð: 3,37brl. 2,70 bt.
Mesta lengd: 5,95 m Skráð lengd: 5,93 m
Breidd: 2,48 m Dýpt: 1,21 m
Vél: Yanmar 32 kW 1991
Fjöldi skipverja: 1

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 15. febrúar 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 21. nóvember 2009 var Kópur, skemmtibátur á siglingu á Faxaflóa um 7-8 sml. NA af Gróttu. Veður: Austan 8 m/sek.

Skipstjóri varð var við að vélin hitnaði um of svo kælivökvinn sauð út úr kælikerfinu. Hann stöðvaði vélina og eftir athugun á kælikerfinu taldi hann sig ekki getað brugðist við biluninni. Hann kallaði því á strandstöð og bað um aðstoð og var björgunarskipið Ásgrímur S. Björnsson sendur og dró hann Kóp til hafnar.

Við rannsókn kom fram:

- að í landi var vélin athuguð og kom í ljós að vatnslás stóð á sér og opnaðist ekki nema að litlu leyti svo kælivatnið sauð út um yfirþrýstiventil í áfyllingsloki vatnskassans;
- að þegar áður nefndur yfirþrýstiventill hafði ekki undan að lækka þrýstinginn hefur öryggistappi úr plasti í kælikápu vélarinnar skotist út og það sem eftir var af kælivatninu runnið af vélinni;
- að gengjur í öryggistappanum eyðilögðust og var settur kopartappi sem teljast má varasamt þar sem tappinn er yfirþrýstingsvörn.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.